

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi:

Nýtt deiliskipulag austurhluta Urriðaholts, 1. áfangi.

Tillagan gerir ráð fyrir íbúðarhverfi fyrir u.þ.b. 493 íbúðir í fjölbýli, rað-, par- og einbýlishúsum. Íbúðirnar eru af mismunandi stærð og geta hentað fyrir alla aldurshópa. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir almenningsgarði með íþróttastöðu.

Hraungata og Kinnargata, breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.

Breytingin nær til snúningssvæða í Hraungötu og Kinnargötu við suðurmörk deiliskipulagssvæðisins, snúningssvæðin eru felld út og göturnar tengjast götum með sama heiti í deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts. Göturnar verða gegnumakstursgötur.

Dýjagata 15, óveruleg breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.

Breytingin nær til breytingar á inn-/útskoti niðurgrafins byggingarhluta, breyting á byggingarreit vegna svífandi byggingarhluta og breyting á legu byggingarreits.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 27. nóvember 2018.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2018